

# Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## Upplýsingar og fyrirvarar á úttekt gagna 2015

Gögnin byggja á upplýsingum úr málaskrárkerfi lögreglu. Fjöldi brota miðar við dagsetningu brots nema annað sé tekið fram og ber því ekki saman við staðfestar tölur um afbrot sem birtast í Afbrotatölfræðiskýrslum ríkislögreglustjóra, þar sem fjöldi brota miðar við dagsetningu sem þau voru tilkynnt eða skráð.

Afbrotatíðindi á árinu 2015 eru með sama sniði og árið 2013 og 2014. Myndirnar fjórar sem birtast neðst í skjalinu munu í hverjum mánuði birtast með sama hætti, en eru uppfærðar í hverjum mánuði. Umfjöllunin sem birtist efst í afbrotatíðindunum er hins vegar breytileg, og þar er reynt að bregðast við umræðunni í samfélaginu hverju sinni eða birta upplýsingar sem taldar eru gagnlegar fyrir almenning.